

## **Starfsmannastefna leikskóla Sólborgar :**

- Í leikskólanum Sólborg viljum við hafa hæft, áhugasamt og traust starfsfólk í vinnu sem sýnir börnunum og foreldrum hlýtt viðmót og leggur sig fram um að veita góða þjónustu.
- Við viljum að starfsfólk sé hreinskilið, leiti upplýsingar á réttum stöðum og sé óhrætt við að segja skoðanir sínar á málefnalegan hátt.
- Að starfsfólk kynni sér vel stefnur, markmið og vinnureglur leikskólans og leitast við að hafa þær að leiðarljósi í öllu sínu starfi.
- Að starfsfólk viti hver er trúnaðarmaður þess, hvert starfssvið hans er og virði störf hans í þágu verkalýðsmála.
- Minnt er á að starfsfólki ber að gæta að andlegri og líkamlegri heilsu sinni eins vel og kostur er.
- Taka skal vel á móti starfsmönnum, nemum og öðrum sem leggja leið sína í leikskólann þannig að fólki finni að það er velkomið.
- Jákvæður og góður andi í starfsmannahópnum stuðlar að starfsánægju.

## **Leiðarljós í samskiptum**

- Við gefum okkur tíma til samráðs, leggjum áherslu á góðar upplýsingar til allra.
- Við virðum og hrósum, hvetjum hvort annað til sjálfstæðis og frumkvæðis.
- Við hlustum á aðra og virðum skoðanir þeirra.
- Við erum samábyrg og viðhöldum góðri liðsheild.
- Við erum hreinskilin og heiðarleg, baktölum ekki hvert annað.
- Við heilsumst og kveðjumst, sýnum hvort öðru hlýlegt og vingjarnleg viðmót.
- Við erum jákvæð og höfum gaman af starfi okkar.
- Við erum stundvís og virðum tíma hvers annars.
- Við tökum athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og lærum af mistökum.
- Við leggjum okkur fram um að leysa fljótt og vel úr ágreiningsmálum.